



Fundargerð

**Svæðisráð norðursvæðis - 55. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn
Mývatnssveit,
1. nóvember 2018, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Óli Halldórsson, formaður, Anton Freyr Birgisson, svæðisráðsfulltrúi, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, svæðisráðsfulltrúi, Hjördís Finnbogadóttir, fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Grétar G. Ingvarsson, fulltrúi útivistarfélaga, Arnheiður Jóhannsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hjalti Páll Þórarinsson, fulltrúi ferðaþjónustunnar, Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður.

1. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Þjóðgarðsverðir fóru yfir drög að rekstraráætlun 2019.

Svæðisráð staðfestir áætlunina sem lögð er fram og fagnar því að gert sé ráð fyrir nýju stöðugildi í Ásbyrgi. Ráðið vekur athygli á því að norðursvæði hefur búið við afar þröngan fjárhagsramma undanfarin ár. Fyrirséð eru aukin umsvif á norðursvæði sem krefjast frekari fjárveitinga eigi að standa undir þeim skyldum sem lög kveða á um.

2. Mývatnssveit - Þekkingarsetur - 1810009

Í dag stendur fyrir dyrum opnun þekkingarseturs í Mývatnssveit. Um er að ræða húsnæði á vegum Skútustaðahrepps, sambyggt hreppsskrifstofu. Þar er til útleigu skrifstofuaðstaða fyrir fyrirtæki og stofnanir. Starfsaðstaða Vatnajökulsþjóðgarðs í Mývatnssveit hefur verið flutt á þennan stað, en auk þess eru þar þekkingarnet Þingeyinga, Mývatnssstofa, Geochemý og GeoTravel, til viðbótar hreppsskrifstofu sveitarfélagsins.

Svæðisráð lýsir ánægju með opnun þekkingarsetursins Mikleyjar í Mývatnssveit og fagnar því að Vatnajökulsþjóðgarður skuli taka þátt í því verkefni frá upphafi.

3. Meiðavellir - Deiliskipulag - 1810002

Lagður fram uppdráttur vegna deiliskipulagsvinnu sem er að hefjast í landi Meiðavalla.

Svæðisráð fagnar áformum landeigenda Meiðavalla um uppbyggingu þjónustu í nágrenni þjóðgarðsins. Svæðisráð telur mikilvægt að mannvirki rýri ekki landslagsheild, byggingar falli vel að landslagi og verði lágreistar, þannig að neikvæð áhrif verði ekki á ásýnd Ásbyrgis.

Svæðisráð lýsir sig reiðubúið til viðræðna um frekari skipulagningu og uppbyggingu svæðisins í nágrenni Ásbyrgis.

4. Dettifoss vestan - skipulag - 1810010

Svæðisráð fór, ásamt þjóðgarðsvörðum og Sigurði Erlingssyni landverði, í vettvangsferð að Dettifossi vestanverðum, með það fyrir augum að skoða aðstæður með tilliti þeirrar

brýnu þarfar sem er löngu orðin á uppbyggingu fyrir ferðamenn.

Svæðisráð telur afar brýnt að skipulagsvinnu nýs þjónustusvæðis við Dettifoss vestan ár verði hraðað svo sem frekast er kostur. Þjóðgarðsverði er falið að undirbúa ferli deiliskipulagsgerðar innan þjóðgarðsmarka, vestan núverandi bílastæðis. Tryggja þarf fjármögnun skipulagsvinnu í rekstraráætlun árið 2019.

Auk þessa voru ræddar hugmyndir um að leita leiða til að koma af stað þróunarverkefni við Dettifoss sem áfangastað, þ.m.t. með útfærslu nýrra leiða í aðgengisstýringu og þjónustu við gesti. Meðal hugmynda er að bjóða gestum á svæðinu upp á reglubundna skutlþjónustu á milli áfangastaða, en með því myndi opnast á fjölmörg ný tækifæri til gönguferða um leið og dregið væri úr umferð einkabíla og álagi á einstaka staði.

Fundi slitið kl. 12:30.